




Skiplagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



7. janúar 2009

### Umsögn um frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum, Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng sbr. bréf dags. 5.12.2008 ásamt fylgigögnum

Af meðf. gögnum er það mat undirritaðrar að tvö atriði komi inn á verksvið HAUST, þ.e. neysluvatnsmál og mengunarvarnir. Aðkoma HAUST byggir m.a. á reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. og á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### Varðar neysluvatnsmál

Í fram lögðum tilögum að vegagerð er ítarlega fjallað um veglínur og vatnsból, enda farið um eða mjög nálægt þrem vatnsverndarsvæðum.

Það er mat undirritaðrar að gögnin séu vel unnin og gefi miklar upplýsingar. Af hálfu HAUST verður samt að ítreka að öruggt neysluvatn í nægu magni er forsenda byggðar og að skortur á neysluvatni getur hamlað atvinnuvegum og þróun byggðar í framtíðinni. Sem dæmi má nefna að sveiflur í neysluvatnsnotkun á Eskifirði samfara breytingum í fiskvinnslu hafa verið mjög miklar og mikilvægt að menn læri af.

Af hálfu HAUST er því rík áhersla lögð á að áður en ákvarðanir eru teknar um veglínur yfir verndarsvæði vatnsbóla verði neysluvatn fyrir báða þéttbýliskjarnana, Eskifjörð og Neskaupstað, tryggt með rannsóknum og skilgreiningu verndarsvæða fyrir þau vatnsból sem notuð verða í nánustu framtíð en einnig fyrir hugsanleg framtíðarvatnsból sbr. heimildarákvæði í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 um vernd ónýtttra vatnsbóla.

#### Mengunarvarnir á og eftir verktíma

Vegna nándar við vatnsverndarsvæði verði á verktímanum gerð krafa um að unnið verði skv. kröfum HAUST um vinnulag og varnir gegn mengun vatns, sambærilegum þeim sem nú er unnið eftir á virkjanasvæði á Fjarðarheiði og gert var við heitavatnsborun á vatnsverndarsvæðinu á Eskifirði á sínum tíma.

Einnig áskilur HAUST sér rétt til að ger kröfu um að bæði á verktímanum og eftir að göng eru fullgerð verði rennslisvatn úr göngunum hreinsað af olíu áður en því er sleppt út í umhverfið.

Niðurlag

Af hálfu HAUST eru að svo komnu máli ekki aðrar aths. eða ábendingar við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

  
HEILBRIGÐISEFNI  
Helga Hreinsdóttir  
frkvstj. HAUST  
HAUSTURLANDSSVEF

Einnig sent í tölvupósti til [rut@skipulag.is](mailto:rut@skipulag.is) og [sas@skipulag.is](mailto:sas@skipulag.is)

Til upplýsingar:

**Úr reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.**

*Ráðstafanir vegna verndarsvæða.*

14. gr.

14.1 Ráðstafanir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum skulu ávallt miðast við ströngustu skilyrði sem gilda til viðhalds náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 8.-11. gr., sbr. einnig reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð um fráveitur og skólp og reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, ásamt síðari breytingum. Sama á við um meðferð úrgangs.

14.2 Heilbrigðisnefnd er enn fremur heimilt að banna framkvæmdir, geymslu efna og úrgangs, geymslu og notkun tækja og búnaðar auk þess olíu-, efna- og úrgangsflutninga innan verndarsvæða vatnsbóla þar sem hætta er á að slíkt geti spillt vatninu. Verði ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tíma sólarhrings þegar umferð er minnst og þá með samþykki eftirlitsaðila. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir björgunaráætlun við mengunaróhöppum.